

Molta ehf
Þveráreyrum 1a
601 Akureyri


Reykjavík, 29. júní 2020
UST202002-201/S.M.
08.14.02


Reglubundið eftirlit í Moltu

Þann 3. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Moltu í Eyjafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Molta ehf. Eyjafjarðarsveit



Dags eftirlits	3.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Molta ehf.	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Þveráreyrum 1a	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600407-0580	Flokkur	verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Moltu jarðgerðarstöð í Eyjafirði. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar. Rekstraraðili hefur brugðist við tveimur ábendingum sem fram komu við eftirlit 2019 er varða gildistíma starfsleyfis og verkferla vegna mengunaróhappa.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Moltu jarðgerðarstöð í Eyjafirði og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
4. Skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
5. Skoðunarferð

Rætt var um umfang starfseminnar en fyrirtækið vinnur moltu m.a. úr lífrænum heimilis- og rekstrarúrgangi sem síðan er nýtt af einstaklingum og opinberum aðilum til ræktunar og uppgæðslu. Starfsleyfi fyrirtækisins gildir til 6. júlí 2021 og hefur rekstraraðili sent inn umsókn um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili hefur komið sér upp vél sem hreinsar plast úr úrgangi sem berst til fyrirtækisins og er ætlunin að taka í notkun á næstunni.

Í eftirliti 2019 komu fram tvær ábendingar er vörðuðu verkferla vegna mengunaróhappa sem rekstraraðili átti eftir að koma upp og gildistíma starfsleyfis. Rekstraraðili hefur bætt úr hvoru tveggja.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Þar fellur Molta í eftirlitsflokk B sem gerir eitt eftirlit á ári. Áhættumat er endurskoðað árlega meðfram eftirliti.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Rekstraraðili hefur sent inn skráningar til Umhverfisstofnunar vegna þessa.

Farið var í skoðunarferð um svæðið og ekki var tilefni til athugasemda.

ANNAD

Einnig var viðstaddur eftirlitið frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra Alfreð Schiöth.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2020

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir